

Mánudaginn 2. októbermán.

Nr. 9/1882 Ritstjóri Jón Ólafsson
 gegn

Dr. Grími Thomsen

Dómur:

Í 5. árgangi 141. tölublaði blaðsins Skuldar, er út kom í Reykjavík 13. janúar 1882 var grein nokkur, samin af áfrýjandanum Jóni Ólafssyni, með þeirri fyrirsögn: „Bessastaðagrímur og sannleikurinn“. Útaf grein þessari höfðaði hinn stefndi, Dr. og alþingismaður Grímur Thomsen, mál fyrir gestarjetti Reykjavíkur, af því að grein þessi væri öll með óvirðingarblæ sjer til handa, þar á meðal ummælin: „Bessastaðagrímur“ og „Þessum karli“, og ærumeiðandi, „að sannleikurinn eigi ekki upp á pallborðið hjá honum“. Fyrir þessa sök krafðist hann, að höfundur greinarinnar yrði sektaður eptir 217.—219. gr. hegningarlaganna, dæmdur til að greiða málskostnað, og ummælin dæmd dauð og marklaus.

Fyrir gestarjettinum fór áfrýjandinn því fram, að honum yrði veittur frestur til þess að færa sönnur á, að hinn stefndi væri höfundur að vissum greinum, er staðið hefðu í blaðinu Ísafold, og sem gefið hefði ástæðu til hinnar átöldu greinar í blaðinu Skuld, sem og, að hann hefði kannast við að vera ritstjóri Ísafoldar. Fresti til þess að færa sönnur á þetta var neitað fyrir gestarjettinum með úrskurði, og var það álitíð rjett að vera með úrskurði yfirdómsins 17. júlímán. þ. á. Áfrýjandinn hafði ekki tekið til andsvara í aðalefni málsins, og var

hann eptir málsástæðum, eins og þær þannig voru, með gestarjettardómi Reykjavíkurkaupstaðar hinn 16. febr. 1882 dæmdur til þess að sæta 40 kr. sekt, eða 10 daga einföldu fangelsi, svo og til að lúka 10 kr. í málskostnað, og hin átöldu orð dæmd dauð og marklaus.

Dómi þessum hefur nú ritstjóri Jón Ólafsson áfrýjað og krafizt, að gestarjettardómnum verði breytt eða úr gildi felldur, og hann sýknaður, sem og að hinn stefndi, Dr. og alþingismaður Grímur Thomsen, verði dæmdur til að greiða málskostnað, og sektaður fyrir tilefnislausu málsýfingu. Svo hefur hann og krafizt þess, að gestarjettardómarinn, bæjarfógeti E. Th. Jónassen, fyrir meðferð málsins verði dæmdur til þess in solidum með hinum stefnda eða alternativt að greiða allan af þessu máli fyrir gestarjettinum og yfirdómi áfallinn kostnað.

Hinir stefndu hvor í sínu lagi hafa mótmælt kröfum og málsútlistun áfrýjanda, og krafizt, að gestarjettardómurinn verði staðfestur, og þeim dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi. Jafnframt hefur hinn stefndi bæjarfógeti heimtað áfrýjandann sektaðan.

Eptir að áfrýjandiinn fyrir gestarjettinum hafði ætlað sjer að færa rök að því, að hinn stefndi væri höfundur að grein þeirri í Ísafold, er greinin í Skuld: „Bessastaðagrimur og sannleikurinn“ væri svar uppá, og hagað allri málsfærslu sinni fyrir nefndum rjetti þannig, að það er auðsætt, að nefnd grein í Skuld á við stefnda, hefur hann hjer fyrir rjettinum haldið því fram, að hann alls ekki í nefndri grein hafi beinst að Dr. Grími Thomsen á Bessa-

stöðum, enda þótt að skírnarnafn hans sje Grimur, og hann eigi heimili á Bessastöðum, heldur að þeim er hafi ritað Isafoldargreinina, en Dr. Grímur hafi ekki viljað kannast við, að hann væri höfundur hennar; en þessi sögn hans er eptir því, sem áður er á vikið, of seint fram komin. Yfirdómurinn verður þannig að álíta, að það sje engum vafa bundið, að áfrýjandi hafi í nefndri grein sinni í Skuld beint að hinum stefnda; og þótt yfirdómurinn geti látið svo vera, að „Bessastaðagrímur“ ekki sje meiðandi fyrir hinn stefnda, þá er öðru máli að gegna um „þessum karli“ og „að sannleikurinn eigi ekki uppá pallborðið hjá honum“, því þau verður yfirdómurinn að álíta meiðandi fyrir hinn stefnda, orðin: „þessum karli“ að minnsta kosti í því sambandi, sem þau eru í, og verður hann því að fallast á, að hjeradsdómarinn samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna hefur dæmt áfrýjanda í sekt, er einnig þykir hæfilega metin 40 kr. til landssjóðs, eða 10 daga einfalt fangelsi, sje sektin eigi greidd í ákveðinn tíma, svo ber og að dæma hin greindu ummæli „þessum karli,“ og „að sannleikurinn eigi ekki upp á pallborðið hjá honum“ dauð og ómerk. Um málskostnað í hjeradi á gestarjettardómurinn að vera óraskaður. Svo ber áfrýjandanum einnig að greiða málskostnað fyrir yfirdómi bæði hinum stefnda og undirdómaranum, er hann hefur stefnt til ábyrgðar, og þykir hann hæfilega metinn 15 krónur til hvors þeirra.

Því dæmist rjett að vera:

Gestarjettardómnum skal, að því sekt og málskostnað snertir, óraskað. Framangreind meið-

andi ummæli skulu dauð og ómerk. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn hinum stefnda, Dr. og alþingismanni Grími Thomsen og bæjarfógeta E. Th. Jónassen 15 krónur hvorum þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 9. októbermán.

Nr. 15/1882

Umboðsmaður þjóðjarða
í Gullbringu og Kjósarsýslu
gegn

Þorsteini Jónssyni

Dómur:

Mál þetta er risið út af jörðinni Vilborgarkoti í Mosfellssveit. og er svoleiðis háttað, að landssjóðurinn þykist eiga ákveðinn hluta hennar, og krefst því, að þessi hluti jarðarinnar sje dæmd eign sín og hinn núverandi umráðamaður hennar, Þorsteinn Jónsson, skyldaður til að sleppa honum við sig; en hinn nefndi umráðamaður jarðar þessarar, Vilborgarkots, neitar með öllu að landssjóðurinn eigi hinn áminnsta hluta jarðarinnar, og heimtar sig því dæmdan sýknan af kröfum landssjóðsins í málinu, og þessa kröfu hins stefnda hefur undirdómarinn aðhyllt í dómi gegnum 30. marz þ. á., og sem fyrir landssjóðsins hönd hefur verið áfrýjað til yfirdómsins. En með því mál þetta snertir jörðu (Eiendom), hver sje eigandi hennar, bar undirdóm-aranum að dæma málið með meðdómsmönnum eptir